

Þriðjudagurinn 4. desember 2001

174. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/2001

**Kvörtun Opins hugar ehf. yfir viðskiptasynjun  
Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf.**

**I.**

**Erindið**

Með bréfi, dags. 28. júní 2001, barst kvörtun Guðmundar Arnar Guðmundssonar hdl., f.h. Opins hugar ehf. vegna meintra brota Kreditkorta hf. (hér eftir Eurocard) og Greiðslumiðlunar hf. (hér eftir Visa,) á samkeppnislögum (saman mun vera vísað til þeirra sem greiðslukortafyrirtækjanna). Tilefni kvörtunarinnar er sagt vera synjun Eurocard og Visa um að gera innheimtusamning og taka til innheimtu raðgreiðslusamninga í formi skuldabréfa sem Opinn hugur hafði keypt og fengið framseld til sín. Lögmaður Opins hugar lýsir málavöxtum þannig að umbjóðandi hans hafi keypt tvö raðgreiðsluskuldabréf af verslun, eitt frá Visa þann 20. september 2000, og annað frá Eurocard þann 22. september 2000. Bæði bréfin hafi verið framseld Opnum hug og send Visa og Eurocard til innheimtu. Bæði fyrirtækin hafi hins vegar neitað að taka skuldabréfin til innheimtu á grundvelli staðlaðra samningsákvæða á raðgreiðsluskuldabréfum og vegna þess að innheimtusamningar væru aðeins gerðir við bankastofnanir, verðbréfafyrirtæki og aðra viðurkennda fjármögnunaraðila. Rök greiðslukortafyrirtækjanna fyrir takmörkunum á framsalsheimildum fælust m.a. í því að korthafar verði að geta treyst því að samningar sem til verða vegna greiðslukortaviðskipta verði aðeins framseldir til aðila sem slík viðskipti stunda og til þess hafa tilskilin starfseyfi frá stjórnvöldum. Jafnframt hafi Visa boðist til þess að gera innheimtusamning við Opinn hug ef fyrirsvarsmaður félagsins hefði tilskilin leyfi til verðbréfamiðlunar.

Í erindinu kemur fram að staðlaðir samningsskilmálar greiðslukortafyrirtækjanna vegna raðgreiðslusamninga séu samhljóða. Varðandi þetta segir í erindinu: „*Verður því að telja líklegt að um samstiltar aðgerðir hafi verið að ræða hjá kortafyrirtækjunum.*“ Ennfremur segir í erindinu:

„*Með þessum skilmálum eru kortafyrirtækin að útiloka aðra aðila en bankastofnanir og verðbréfafyrirtæki frá þessum markaði og um leið að vernda og beina viðskiptum til bankastofnana og verðbréfafyrirtækja. Á það skal bent að bæði kortafyrirtækin og stærstu verðbréfafyrirtækin eru í eigu bankastofnana. Bæði er um lóðrétt og lárétt*

*samráð að ræða þar sem viðskiptaaðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í samskonar viðskiptum. Takmarkanir þessar eru til þess fallnar að koma í veg fyrir aðgang nýrra aðila að þessum markaði og brjóta því í bága við 10. gr. samkeppnislaga sem leggur bann við samkeppnishömlum.“*

Með erindi Opins hugar fylgdu gögn vegna samskipta Opins hugar og greiðslukortafyrirtækjanna.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Með bréfum, dags. 4. júlí 2001, var erindi Opins hugar sent greiðslukortafyrirtækjunum til umsagnar.

Umsögn Eurocard barst með bréfi, dags. 20. júlí 2001. Í því kemur fram að raðgreiðslur séu séríslenskt fyrirbrigði. Raðgreiðslur hafi fyrst litið dagsins ljós árið 1986 og hafi þróast nokkuð síðan. Var það vegna þrýstings frá kaupmönnum að tekin var upp heimild til þess að framselja raðgreiðslusamninga en þeir voru ekki tilbúnir til þess að binda hluta af veltufé verslana sinna í þeim útlánum sem fylgdu raðgreiðslum. Þetta framsal var takmarkað við banka og verðbréfastofnanir þar sem á raðgreiðslubrэфunum koma fram persónuupplýsingar sem varhugavert er að gangi manna á milli. Svo segir:

*„Þær stofnanir sem hafa leyfi til slíkra kaupa í dag starfa því nær allar samkvæmt opinberum starfsleyfum og/eða eru aðilar að samstarfi Europay International og MasterCard eða eru í eigu stofnana sem eru beinir aðilar að samstarfinu.“*

Bent er á að ákvæðið sem takmarkar framsal raðgreiðslubrifa sé sett til verndar korthafanum og sé í samræmi við reglur Europay International og MasterCard. Auk þess séu reglurnar í takt við þær auknu áherslur samfélagsins á persónuvernd og trúnað persónuupplýsinga. Að lokum segir um framsal raðgreiðslubrifa: *„Kreditkort hf. telur ekki að ákvæði 10 tl. raðgreiðslubrifsins sem og reglur félagsins um hverjum það heimilar að kaupa raðgreiðslubríf hafi slík áhrif á samkeppnisstöðu kvartanda eða samkeppnisstöðu á markaði almennt að rétt sé að þau lögmætu sjónarmið sem liggja að baki reglum og reifuð hafa verið hér að framan þurfi að vikja.“*

Varðandi meint samráð greiðslukortafyrirtækjanna um takmörkun á framsali raðgreiðslubrifa telur Eurocard að ekki hafi verið um samráð að ræða. Svo segir:

*„Hins vegar er ekki ólíklegt að við hönnun nýs forms hafi verið höfð hliðsjón af því formi sem keppinauturinn notaðist við og má búast við að VISA Ísland hafi haft þennan háttinn á og að það hafi verið athugasemdalaust af hálfu Kreditkorts hf. Slíkt er allttítt við hönnun forma og eyðublaða eins og sjá má ef skoðuð eru [...] form og eyðublöð hjá bankastofnunum. Það skapar ákveðna hagkvæmni og öryggi að ekki sé mikið misræmi milli þeirra forma og eyðublaða sem stuðst er við, því það hefur sannað sig gegnum tíðina að þegar misræmi er milli forma og þá sérstaklega þeirra forma sem söluaðilar nota þá koma upp fleiri mistök sem kosta aukna vinnu en ella.“*

Umsögn Visa barst með bréfi, dags. 17. júlí 2001, frá Ólafi Axelssyni hrl. fyrir hönd Visa. Í bréfinu kemur m.a. fram að með tilkomu raðgreiðslubréfa hafi verið komið til móts við þarfir neytenda, sem ættu þar með rýmri kost á lánsviðskiptum. Hagur söluaðila á framsalsmöguleikum felist í því að geta strax gert peninga úr raðgreiðslubréfum með sölu á þeim til aðila sem gert hafa sérstakan innheimtusamning við Visa.

Einnig kemur fram að Visa sé ekki markaðsráðandi á verðbréfamarkaði. Þannig hafi umfang kaupa og sölu raðgreiðslubréfa á heildarverðbréfamarkaði aðeins verið um 0,88% árið 2000 ef raðgreiðslubréf beggja greiðslukortafyrirtækjanna eru tekin saman. Þetta hlutfall hafi verið um 0,92% árið 1999. Þessu til stuðnings er vísað í greinargerð Verðbréfastofunnar hf. sem fylgdi umsögn Visa.

Visa telur jafnframt að mjög mikilvægt sé að raðgreiðslubréf verði aðeins meðhöndluð af fáum og traustum aðilum. Slíkt sé forsenda fyrir framsali raðgreiðslubréfa. Svo segir:

*„Korthafar eru viðskiptavinir banka og sparisjóða, sem eðli málsins samkvæmt verða að sýna þeim trúnað. Notkun greiðslukorts er hluti af þessum viðskiptum. Eins og áður sagði hafa raðgreiðslubréf að geyma upplýsingar varðandi greiðslukorthafann, þ.e. nafn, kennitölu, gildistíma og kortnúmer. Ótakmörkuð viðskipti með slík viðskiptabréf gætu haft í för með sér mjög aukna hættu á misnotkun á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Sérstaklega í ljósi mjög aukinna kortaviðskipta með fjarskiptum, t.d. Internet og síma.“*

Að lokum kemur fram að Visa telur þessa takmörkun á framsali ekki geta haft skaðleg áhrif á verðbréfamarkaðinn þar sem umfang viðskiptanna sé mjög takmarkað. Auk þessa styðjist takmörkunin við málefnaleg rök.

## 2.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 2001, var umsögn greiðslukortafyrirtækjanna send lögmanni kvartanda og óskað athugasemda. Með bréfi, dags. 30. ágúst 2001, bárust athugasemdir Opins hugar.

Í athugasemdum Opins hugar kemur fram að Opinn hugur hefur gildan samstarfssamning við bæði greiðslukortafyrirtækin og er söluaðili fyrir þau bæði. Slíkt gildi um fjölda annarra söluaðila hér á landi. Svo segir:

*„Þúsundir söluaðila hafa því haft umræddar persónuupplýsingar í áraraðir og hefur verið treyst fyrir þeim, enda forsenda fyrir viðskiptunum. Hvort sem um er að ræða sölu- eða innheimtuaðila, þá ber viðkomandi að gæta trúnaðar gagnavart korthafa að viðlagðri refs- og/eða skaðabótaábyrgð. Mismunum Kreditkorta hf. á því ekki við rök að styðjast, enda enginn eðlismunur á upplýsingum um korthafann á raðgreiðslusamningum eftir því hvort aðili er söluaðili eða hefur fengið samning frá þriðja aðila framseldan til sín. Um málefnaleg rök er því ekki að ræða af hálfu kortafyrirtækjanna.“*

Varðandi meintar samstilltar aðgerðir greiðslukortafyrirtækjanna telur Opinn hugur að með því að viðurkenna að hliðsjón hafi verið höfð af því formi sem hinn aðilinn notar hafi Eurocard viðurkennt samstilltar aðgerðir félaganna. Í því samhengi er vísað til þess að hugtakið „samstilltar aðgerðir“ sé túlkað mjög rúmt í samkeppnisrétti. Þar sem skilmálar greiðslukortafélaganna eru orðrétt hinir sömu og að Eurocard hafi viðurkennt að hliðsjón hafi verið höfð af formi keppinautarins telur Opinn hugur að Eurocard og Visa hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Varðandi markaðskilgreiningu Visa þá telur Opinn hugur að raðgreiðslubríf séu ekki á sama markaði og önnur verðbréf og því óþarfi að tala um markaðshlutdeild þeirra á þeim markaði. Auk þessa sé markaðsskilgreining Visa ekki rétt þar sem verðbréf eru eðli sínu samkvæmt mjög mismunandi, m.a. með tilliti til ávöxtunar, tryggingar kröfunnar og eftir því hvort um lang- eða skammtíma kröfu sé að ræða. Því sé ekki hægt að setja raðgreiðslubríf á sama markað og t.d. húsbréf, ríkisvixla eða hlutabréf. Greiðslukortafyrirtækin séu einu félögin sem ráði yfir þessari gerð verðbréfa og því einu keppinautarnir á þessum markaði en það sé einmitt kjarni málsins.

Að lokum telur Opinn hugur varðandi takmörkun á framsali raðgreiðslubrifa að fyrirtækið hafi nú þegar samstarfssamning við Visa og í þessu „felst að [Opnum hug] er heimilt að eiga viðskipti við korthafa VISA og jafnframt að þau viðskipti njóta þjónustu greiðsumiðlunar VISA.“

### 3.

Athugasemdir Opins hugar voru sendar Eurocard og Visa með bréfum dags. 3. september 2001. Með bréfi, dags. 17. september 2001, bárust athugasemdir Eurocard.

Varðandi reglur Eurocard um takmörkun á framsali raðgreiðslubrifa telur fyrirtækið að almenn viðskipti við korthafa séu ekki sambærileg raðgreiðsluviðskiptum. Þannig

megi vinna ítarlegri upplýsingar um korthafa úr safni raðgreiðslusamninga og/eða skuldakvittana en þær upplýsingar sem liggja fyrir hjá einstökum söluaðilum. Þannig megi t.d. vinna upplýsingar um kauphegðun og fjárútlát. Einnig vill Eurocard benda á að fyrirtækið sé bundið af alþjóðlegum vinnureglum EUROCARD/MasterCard sem m.a. banni slíkt framsal. Einnig telur Eurocard að frjálst framsal raðgreiðslubrifa myndi gera allt eftirlit með því að framfylgt sé reglum um meðhöndlun samninganna og upplýsinga sem þeir hafa að geyma erfiðara. Þannig myndi framsal rýra gildi reglna um trúnað. Eurocard telur ennfremur að ekki sé um stigsmun viðskipta að ræða þegar almenn viðskipti eru gerð við söluaðila fyrirtækisins og þegar gerður er raðgreiðslusamningur. Kaup á raðgreiðslubréfum og kvittunum fyrir posafærslum<sup>1</sup> séu hrein fjármálastarfsemi sem eigi ekkert skylt við venjulega starfsemi söluaðila.

Varðandi meint ólögmett samráð greiðslukortafyrirtækjanna við hönnun raðgreiðslubrifa segir svo í bréfi Eurocard:

*„Í fyrsta lagi [...] þegar það ákvæði raðgreiðslubrifs sem hér er um deilt var sett var markmið þess ekki að efla stöðu banka og sparisjóða heldur að tryggja rétt og öryggi korthafa.*

*Í öðru lagi telur Kreditkort hf. Opinn hug ehf. ekki hafa lagt fram aðrar sönnur en eigin fullyrðingar þess efnis að umdeilt ákvæði raðgreiðslubrifa hafi í raun samkeppnishamlandi áhrif.“*

Engar frekari athugasemdir bárust frá Visa.

#### 4.

Samkeppnisstofnun sendi bréf, dags. 2. október 2001, til Fjármálaeftirlitsins (FME) þar sem óskað var eftir álit FME á synjun greiðslukortafyrirtækjanna um að gera innheimtusamning við kvartanda. Jafnframt var spurt hvort sú synjun byggi á lögum eða reglum sem FME hefur eftirlit með. Svar FME bars með bréfi, dags. 20. nóvember 2001. Í bréfinu kemur fram að það sé álit FME að neitunin byggi ekki á lagaákvæðum, reglugerðum eða reglum sem FME fylgist með að sé framfylgt.

### III.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, 4. desember 2001, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Þórólfur Matthíason.

---

<sup>1</sup> S.k. „posaslíppar.“

## 1.

Opinn hugur telur að greiðslukortafyrirtækin hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að sammælast um takmörkun á framsali raðgreiðsluskuldabréfa. Þannig telur Opinn hugur að Eurocard og Visa séu að halda félaginu frá því að komast inn á markaðinn fyrir kaup á raðgreiðsluskuldabréfum.

Rök greiðslukortafyrirtækjanna fyrir takmörkunum á framsali raðgreiðsluskuldabréfa eru þau að í þeim komi fram persónuupplýsingar um korthafa sem óæskilegt sé að komist í hendur annarra. Framsal er þó heimilt til bankastofnanna og verðbréfafyrirtækja. Telja greiðslukortafyrirtækin að slík félög séu traustari en önnur þar sem þau starfi nær öll samkvæmt opinberum starfsleyfum og séu, í tilviki Eurocard, m.a. í samstarfi við Europay International og MasterCard eða eru í eigu stofnana sem eru beinir aðilar að samstarfinu. Auk þessa telja greiðslukortafyrirtækin að þau séu ekki ráðandi á markaði fyrir verðbréf. Þannig hafi hlutfall raðgreiðsluskuldabréfa aðeins verið um 0,88% af virði verðbréfamarkaðarins árið 2000.

Opinn hugur telur að þessi sjónarmið séu ekki á rökum reist. Þær persónulegu upplýsingar sem greiðslukortafyrirtækin vísi til séu í förum allra sölumanna sem nota þjónustu Visa og Eurocard. Þannig sé enginn eðlismunur á upplýsingum sem söluaðili hefur undir höndum þegar hann afgreiðir korthafa í almennum kortaviðskiptum eða með raðgreiðslusamningi. Varðandi markaðshlutdeild greiðslukortafyrirtækjanna þá sé ekki unnt að líta til verðbréfamarkaðarins í heild sinni. Raðgreiðsluskuldabréf séu á sérstökum markaði, m.a. vegna þess að um þau gildi sérstakar reglur og vextir og áhætta séu annars eðlis og lúti öðrum lögmálum en önnur verðbréf.

## 2.

### **Raðgreiðsluskuldabréf**

Rétt er í upphafi að gera stuttlega grein fyrir raðgreiðsluskuldabréfum og því kerfi samninga sem stuðst er við í greiðslukortaviðskiptum.

Almenn greiðslukortaviðskipti eru byggð upp þannig að söluaðili gerir samstarfssamning við greiðslukortafyrirtækin um að bjóða upp á viðskipti með greiðslukort þeirra hjá sér. Á hinn bóginn gerir almennur greiðslukorthafi samning við greiðslukortafyrirtæki eða banka um að fá afhent kreditkort og geta notað það. Viðskiptavinir söluaðilans geta þannig notað greiðslukort þau sem þeir hafa fengið hjá greiðslukortafyrirtækjunum til þess að greiða með vöru og þjónustu. Til þess að geta boðið kreditkorthöfum upp á raðgreiðslur þarf söluaðili að hafa gert sérstakan viðaukasamning við greiðslukortafyrirtækin. Þessi samningur veitir honum rétt til að gefa út raðgreiðsluskuldabréf greiðslukortafyrirtækjanna til korthafanna. Þegar raðgreiðsluviðskipti eiga sé stað sendir söluaðilinn raðgreiðsluskuldabréfið til greiðslukortafyrirtækisins til innheimtu. Til þess að fá söluverðmæti vörunnar strax og

losna þannig við útistandandi skuld á söluaðilinn þó möguleika á að framselja skuldabréfið til annars aðila. Skilyrði fyrir slíku framsali er að sá aðili, sem skuldabréfið er framselt til, hafi gert sérstakan innheimtusamning við greiðslukortafyrirtækin. Eins og fram hefur komið er slíkt framsal takmarkað við bankastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

### 3.

#### Skilgreining markaðarins

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga, sbr. lög nr. 107/2000, segir að allir samningar sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Að mati samkeppnisráðs virðast hin umdeildu ákvæði í hinum stöðluðu raðgreiðsluskuldabréfum greiðslukortafyrirtækjanna ekki hafa það að markmiði í skilningi 10. gr. að hamla samkeppni og verður því að taka til athugunar hvort slíkar hömlur leiði af þeim. Í því sambandi verður fyrst að skilgreina viðkomandi markað. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

#### 3.1. Þjónustumarkaðurinn

Málsaðilar eru ekki sammála um markaðsskilgreiningu. Visa telur að markaðurinn í þessu máli sé einn stór markaður fyrir innlend verðbréf þar sem öll verðbréf er að finna sem ganga kaupum og sölu. Á þessum markaði séu m.a. spariskírteini ríkissjóðs, banka- og sparisjóðsbréf, skráð bréf sveitarfélaga, ríkisvixlar, banka- og sparisjóðavixlar ásamt hlutabréfum á markaði, þ.e. á Aðal- og Vaxtalista Verðbréfaþings Íslands. Auk þessa séu spariskírteini, húsbref o.fl. á markaðnum. Árið 1999 voru heildarviðskipti á þessum markaði 902.933 milljónir króna. Árið 2000 voru viðskipti 1.024.529 m.kr. Viðskipti með raðgreiðsluskuldabréf voru samtals 8.303 m.kr.<sup>2</sup> árið 1999 og 8.999 m.kr.<sup>3</sup> árið 2000. Ef stuðst er við þessa markaðsskilgreiningu voru greiðslukortafyrirtækin með 0,92% markaðshlutdeild árið 1999 en 0,88% árið 2000 samkvæmt þeim gögnum sem Visa hefur lagt fram. Eurocard hefur ekki lagt til sérstaka markaðsskilgreiningu. Opinn hugur telur hins vegar að ekki sé hægt að jafna öllum verðbréfum saman þar sem þau séu ólík innbyrðis. Þannig sé ávöxtun, öryggi og tími kröfunnar mismunandi eftir því um hvernig verðbréf er að ræða. Þetta gildi einnig um raðgreiðsluskuldabréf og þ.a.l. séu raðgreiðsluskuldabréf á sérstökum markaði. Ef þessi markaðsskilgreining er notuð séu greiðslukortafyrirtækin sameiginlega með 100% markaðshlutdeild.

Rannsókn Samkeppnisstofnunar hefur leitt í ljós að markaðnum fyrir verðbréf er almennt skipt upp í tvo markaði: Skráð verðbréf og óskráð verðbréf, sem oft eru nefnd

<sup>2</sup> Visa 4.986 m.kr. og Eurocard 3.317 m.kr.

<sup>3</sup> Visa 5.039 m.kr. og Eurocard 3.960 m.kr.

grái markaðurinn (e. „junk bonds“). Skráð verðbréf eru hlutabréf þeirra fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ), nú 73 talsins, og um 300 flokkar skuldabréfa, t.d. ríkisskuldabréf, húsbref, bankavíxlar og sum fyrirtækjaskuldabréf. Sameiginlegt eiga þessi bréf það að útgáfa þeirra hefur verið unnin í samvinnu við VÞÍ, bréfin eru skráð hjá VÞÍ og ekki eru takmarkanir á meðferð bréfanna, þ.e. kaup og sala þeirra er frjáls. Einnig eiga þau það sameiginlegt að útgáfa þeirra fylgir reglum VÞÍ um form og upplýsingar sem veittar eru við útgáfu bréfanna en einnig er tilkynnt um viðskipti með bréfin til VÞÍ. Á gráa markaðnum eru hins vegar verðbréf sem aðilar hafa gefið út sjálfir og eru því hvorki unnin í samvinnu við VÞÍ né skráð hjá því. Oft eru bréf á gráa markaðnum háð ýmsum takmörkunum um framsal. Á þessum markaði eru þannig hlutabréf fyrirtækja, víxlar og skuldabréf sem ekki eru skráð hjá VÞÍ. Sameiginlegt eiga verðbréf á gráa markaðnum það einnig að á útgefendum þeirra hvíla engar skyldur um upplýsingamiðlun og bréfin ganga manna á milli án þess að tilkynnt sé um kaup og sölu til VÞÍ. Þessari tvískiptingu verðbréfamarkaðarins má finna frekari stuðning. Almennt er mögulegt að eiga viðskipti með óskráð bréf án milligöngu en óski kaupandi milligöngu banka eða verðbréfafyrirtækis eru því takmörk sett: Samkvæmt leiðbeiningum sem bankar og verðbréfafyrirtækin hafa sett sér varðandi milligöngu á óskráðum verðbréfum mega aðeins fagfjórðingar kaupa óskráð verðbréf í gegnum banka og verðbréfafyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. þessara leiðbeininga er ekki heimilt að hafa milligöngu um óskráð verðbréf til almennings nema að samanlögð verðbréfaeign kaupanda nemi a.m.k. fimm milljónum króna að markaðsvirði. Auk þessa verður kaupandinn að sýna fram á þekkingu og reynslu í verðbréfavíðskiptum, sbr. 4. gr. Ef slík reynsla er ekki fyrir hendi er hægt að synja honum um viðskiptin, nema verðbréfaeign hans nemi a.m.k. tíu milljónum króna að markaðsvirði. Leiðbeiningar þessar eru settar með hliðsjón af 27. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13/1996. Í þeirri grein segir, eftir breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 163/2000:

*„Sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til annarra en fagfjórðinga, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að synja um milligöngu með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð ef það telur viðskiptavini ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.“*

Fjármálaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir við útgáfu þessara leiðbeininga. Þetta er til þess að skýra enn frekar þann greinarmun sem er gerður á skráðum og óskráðum verðbréfum, bæði í lögum og í framkvæmd hjá verðbréfamiðlurum.

Raðgreiðsluskuldabréf eru hvorki gefin út í samvinnu við VÞÍ né skráð hjá því. Auk þessa er framsal þeirra takmarkað. Af þessu má ljóst vera að raðgreiðsluskuldabréf



tilheyra flokki óskráðra verðbréfa, þ.e. gráa markaðnum, og eru ekki hluti af heildarmarkaðnum fyrir verðbréf eins og greiðslukortafyrirtækin halda fram.

Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort raðgreiðsluskuldabréf myndi sérstakan undirmarkað innan óskráðra verðbréfa. Raðgreiðsluskuldabréf eiga það sameiginlegt að vera gefin út á eyðublöð greiðslukortafyrirtækjanna, þau bera sömu vexti hjá Visa og Eurocard og eru háð sömu skilyrðum um framsal. Þau eiga sér það einnig sameiginlegt að unnt er að senda skuldabréfin til innheimtu hjá greiðslukortafyrirtækjunum, hafi verið gerður innheimtusamningur milli handhafa bréfsins og greiðslukortafyrirtækjanna. Að lokum eiga raðgreiðsluskuldabréfin það sameiginlegt að sum þeirra eru tryggð með eignarréttarfyrirvara í þeim hlut sem keyptur er<sup>4</sup> en önnur eru án ábyrgðar. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að ofantalin einkenni raðgreiðsluskuldabréfa, tekin í heild sinni, aðskilji þau frá öðrum óskráðum verðbréfum. Telur samkeppnisráð að munurinn á raðgreiðsluskuldabréfum og öðrum óskráðum verðbréfum sé það mikill að raðgreiðsluskuldabréf myndi sérstakan markað í skilningi samkeppnislaga innan flokks óskráðra verðbréfa. Að mati samkeppnisráðs skiptist þessi markaður í nokkur svið sem hvert um sig getur myndað sjálfstæðan undirmarkað. Hér er a.m.k. um að ræða markaðinn fyrir útgáfu raðgreiðsluskuldabréfa, markaðinn fyrir innheimtu þessara bréfa og markaðinn fyrir viðskipti með þessi verðbréf.

### **3.2. Landfræðilegi markaðurinn**

Aðilar hafa ekki gert sérstakar athugasemdir vegna hins landfræðilega markaðar. Viðskipti með raðgreiðsluskuldabréf taka til landsins alls auk þess sem þær markaðshlutdeildir sem Visa miðar við í sínum göngum virðast miðast við verðbréfavíðskipti á Íslandi. Verður í máli þessu því miðað við að hinn landfræðilegi markaður sé Ísland.

## **4.**

### **Staða fyrirtækja á markaðnum**

Greiðslukortafyrirtækin eru einu aðilarnir sem geta heimilað útgáfu raðgreiðsluskuldabréfa með gerð viðaukasamnings við söluaðila. Jafnframt eru greiðslukortafyrirtækin einu aðilarnir sem geta innheimt raðgreiðsluskuldabréf, sbr. ákvæði raðgreiðsluskuldabréfanna. Það er því ljóst að greiðslukortafyrirtækin eru með 100% markaðshlutdeild á markaði fyrir útgáfu og innheimtu raðgreiðsluskuldabréfa.

## **5.**

### **Takmörkun á framsali raskar samkeppni**

Í máli þessu er því haldið fram að stöðluð ákvæði í raðgreiðsluskuldabréfum greiðslukortafyrirtækjanna brjóti í bága við 10. gr. samkeppnislaga þar sem þau

---

<sup>4</sup> Í þessum tilvikum þarf ekki að greiða stimpilgjald vegna samningsins.

útiloki aðra en bankastofnanir og verðbréfafyrirtæki frá viðskiptum með raðgreiðsluskuldabréf. Er í því sambandi bent á að greiðslukortafyrirtækin og helstu verðbréfafyrirtækin séu í eigu banka og sparisjóða. Í 10. gr. laganna segir:

*„Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.*

*Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykktu og samstilltra aðgera sem:*

- a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,*
- b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,*
- c. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,*
- d. setja það sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótaskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“*

Orðalag 10. tl. staðlaðs raðskuldabréfs Eurocard og 11. tl. staðlaðs raðskuldabréfs Visa er svohljóðandi:

*„Seljandi hefur hvenær sem er heimild til að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum til bankastofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem hefur gert innheimtusamning við [Nafn greiðslukortafyrirtækis].“*

Ákvæðin eru þannig, orð fyrir orð, nákvæmlega hin sömu á raðgreiðsluskuldabréfum Visa og Eurocard. Skuldabréfið er undirritað af seljanda vörunnar, þ.e. þeim sem gert hefur viðaukasamning við greiðslukortafyrirtækin, og korthafa sem greiðir vöruna. Af þessum ákvæðum leiðir að einungis er unnt að framselja þessi bréf til bankastofnana og verðbréfafyrirtækja sem gert hafa innheimtusamning við viðkomandi greiðslukortafyrirtæki. Þessi takmörkun er styrkt í sessi með nánast samhljóða ákvæðum í stöðluðum viðaukasamningum um útgáfu raðgreiðslubréfa sem greiðslukortafyrirtækinn gera við söluaðila. Þau hljóða svo:

*„Söluaðila er heimilt að framselja rétt sinn á raðgreiðslubréfum til bankastofnunar eða annars fjármögnunaraðila sem hefur innheimtusamning við VISA Ísland. Skulu eigendaskipti tilkynnt tafarlaust. [...]“<sup>5</sup>*

---

<sup>5</sup> 5. tl. staðlaðra viðaukasamninga Visa.

*„Aðildarfyriræki getur framselt rétt sinn á samningnum til bankastofnunar eða annars fjármögnunaraðila sem hefur innheimtusamning við EUROCARD, og skulu eigendaskipti tilkynnt tafarlaust. [...]“<sup>6</sup>*

Staðlaðir raðgreiðslusamningar greiðslukortafyrirtækja teljast til samninga í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Umrædd ákvæði í þessum samningum hafa að mati samkeppnisráðs í för með sér augljósar hömlur á samkeppni. Greiðslukortafyrirtækin eru eins og áður sagði í lykilstöðu á heildarmarkaðnum fyrir raðgreiðsluskuldabréf. Með umræddum ákvæðum er öllum öðrum en bankastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem greiðslukortafyrirtækin hafa gert innheimtusamning við gert ómögulegt að stunda viðskipti með þessi verðbréf. Ákvæðin hafa því þau áhrif að halda nýjum keppinautum frá markaðnum og takmarka þar með þá samkeppni sem ríkt gæti á honum. Í þeim felst takmörkun eða stýring á mörkuðum í skilningi b. liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir telur samkeppnisráð að engar málefnalegar ástæður réttlæti umrædda takmörkun á framsali þessa bréfa. Ljóst er því að í þessum ákvæðum felst einnig ólögmæt og samkeppnishamlandi mismunur í skilningi d. liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga.

Í máli þessu hefur Visa lagt til víðari markaðsskilgreiningu en þá sem samkeppnisráð byggir á. Ástæða er til að taka það fram að samkeppnisráð telur að umrædd ákvæði raski samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga jafnvel þótt rýmri markaðsskilgreining væri lögð til grundvallar. Hvort sem miðað er við markaðinn fyrir raðgreiðsluskuldabréf eða t.d. gráa markaðinn er ljóst að framsalstakmarkanir greiðslukortafyrirtækjanna takmarka aðgang nýrra keppinauta að starfsemi þar sem eiga sér stað viðskipti fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Þessi takmörkun á markaðsaðgangi er einnig í andstöðu við markmið samkeppnislaga, sbr. 1. gr. laganna.

Þar er mat samkeppnisráðs, með vísan til álits FME, að umrædd takmörkun sé ekki byggð á lögum eða reglugerðum. Greiðslukortafyrirtækin hafa sett fram rök til að styðja þá takmörkun sem þau hafa sett á varðandi framsal raðgreiðsluskuldabréfa. Þannig hafa þau ítrekað vísað til þess að á raðgreiðsluskuldabréfunum sé að finna viðkvæmar persónuupplýsingar korthafa sem mikilvægt sé að varðveita. Á raðgreiðslubréfum koma fram eftirfarandi upplýsingar um korthafa: a) Greiðslukortanúmer, b) gildistími korts, c) kennitala, d) nafn og heimili, e) símanúmer, f) lýsing þeirrar vöru sem keypt er, g) upphæð skuldabréfs og h) undirskrift.

Að mati samkeppnisráðs fæst ekki séð að þessar upplýsingar séu mun viðameiri en þær sem koma fram í öðrum viðskiptum söluaðila og korthafa. Ef markmið

---

<sup>6</sup> 5. tl. staðlaðra viðaukasamninga Eurocard.

framsalstakmörkunarinnar er að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar korthafa komist í hendur vafasamra einstaklinga eða fyrirtækja er miklu nær að minnka þær upplýsingar sem fram koma á skuldabréfunum sjálfum. Þanning mætti til dæmis gera svipað og gert hefur verið við posaslippa í sumum verslunum, þ.e. að aðeins sjáist hluti greiðslukortanúmersins. Þannig telur samkeppnisráð að höft þau sem fram koma í skilmálum raðgreiðsluskuldabréfanna séu óþörf til að ná þeim markmiðum sem greiðslukortafyrirtækin stefna að.

Í máli þessu hafa greiðslukortafyrirtækin jafnframt nefnt sem ástæðu fyrir framsalstakmörkun á raðgreiðslubréfum að aðilar, sem bréfin nú heimila framsal til, starfi allir samkvæmt opinberum leyfum og séu því traustverðari en aðrir. Varðandi þetta vill samkeppnisráð benda á að fleiri fyrirtæki og einstaklingar starfa samkvæmt opinberum leyfum en bankar og verðbréfafyrirtæki. Ekki verður séð af röksemdafærslu greiðslukortafyrirtækjanna að það sé öruggara að leyfa verðbréfafyrirtæki eða verðbréfasala að sýsla með raðgreiðsluskuldabréf en t.d. fasteignasala eða lögmanni. Báðir starfa samkvæmt opinberum leyfum og bera skyldur samkvæmt þeim. Hins vegar hafa kvartandi og greiðslukortafyrirtækin jafnframt bent á að þeir aðilar sem framsalið takmarkast við eru annað hvort eigendur greiðslukortafyrirtækjanna,<sup>7</sup> í eigu stofnana sem eru beinir aðilar að samstarfinu eða aðilar að samstarfi greiðslukortafyrirtækjanna. Samkeppnisráð telur þannig að framsalsheimildin sé til þess fallin að beina viðskiptum með raðgreiðsluskuldabréf til takmarkaðs hóp fyrirtækja sem að meginstefnu eru tengd greiðslukortafyrirtækjunum.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða samkeppnisráðs að 10. tl. staðlaðs raðskuldabréfs Eurocard og 11. tl. staðlaðs raðskuldabréfs Visa brjóti í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laganna eru samningar sem brjóta í bága við bannákvæði ógildir. Samkeppnisráð telur hins vegar að önnur ákvæði þessara stöðluðu samninga hafi efnislegt sjálfstæði frá umræddum ákvæðum. Til að tryggja að ákvörðun þessi nái fram að ganga og í því skyni að efla virka samkeppni á umræddum markaði telur samkeppnisráð nauðsynlegt að beina þeim fyrirmælum til greiðslukortafyrirtækjanna að þau geri samninga um innheimtu raðskuldabréfa við alla aðila sem uppfylla almenn, hlutlæg og málefnaleg skilyrði.

---

<sup>7</sup> Sbr. bankar og sparisjóðir.

**IV.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„10. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Kreditkorta hf. og 11. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Greiðslumiðlunar hf. brjóta í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þessi ákvæði eru því ógild, sbr. 49. gr. samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf. að gera samninga um innheimtu raðskuldabréfa við alla aðila sem þess óska og uppfylla almenn, hlutlæg og málefnaleg skilyrði.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 4/2002](#)]*